

**46. fundur skólanefndar haldinn Bláskógaskóla, Reykholti,
mánudaginn 24. nóvember 2025, kl. 15:30.**

Fundinn sátu:

Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfðanardóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Anna Greta Ólafsdóttir, Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg/leikskóladeild Bláskógaskóla var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ólöf Sólveig Björnsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, Álfaborg, Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Reykholtsskóla, Guðrún Rakel Svandísardóttir, skólastjóri Bláskógaskóla, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, Harpa Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla og foreldra grunnskólabarna og Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.
Sveinn Ingi sótti fundinn í gegnum fjarfundabúnað (Teams).

1. Starfsáætlanir leik- og grunnskóla 2025-2026 - 2511062

Starfsáætlanir leik- og grunnskóla

Kynntar voru starfsáætlanir Reykholtsskóla, leikskólans Álfaborgar og leikskóladeildar Bláskógaskóla.

Starfsáætlun grunnskóladeildar Bláskógaskóla verður tekin fyrir á næsta fundi.

Skólanefnd þakkar yfirferðina og staðfestir starfsáætlanir Reykholtsskóla, leikskólans Álfaborgar og leikskóladeildar Bláskógaskóla.

2. Farsældarráð á Suðurlandi - 2510025

Stofnun farsældarráðs, til kynningar.

Lagðar voru fram upplýsingar um stofnun farsældarráðs. Skólanefnd óskar eftir að fá kynningu á ráðinu og hlutverki þess.

3. Innleiðing nemendagrunns - 2511063

Bréf Menntamálastofnunar til fræðslunefnda vegna nemendagrunns.

Lagt var fram bréf Menntamálastofnunar, dags. 17.11.2025, þar sem kynntur er nýr

Nemendagrunnur, miðlægur gagnagrunnur sem heldur utan um samræmda skráningu barna á skólaskyldualdri í grunnskóla fyrir landið allt.

4. Rýmisþörf leik- og grunnskóla Bláskógabyggðar - 2204023

Umræða um húsnæðismál

Umræða varð um stöðu húsnæðismála.

Skólanefnd áréttar að brýnt sé að huga að húsnæðismálum leik- og grunnskóla.

5. Málstefna Bláskógabyggðar - 2510022

Málstefna Bláskógabyggðar, til kynningar

Málstefna Bláskógabyggðar, sem samþykkt var af sveitarstjórn 15. október sl var lögð fram til kynningar. Stefnan byggir á lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Þar kemur fram að íslenska skuli vera meginsamskiptamál í þjónustu- og vinnuumhverfi starfsstöðva sveitarfélagsins.

Fundi slitið kl. 16:25.

Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Harpa Sævarsdóttir

Anna Greta Ólafsdóttir

Ólöf Sólveig Björnsdóttir,

Lára Bergljót Jónsdóttir,

Guðrún Rakel Svandísardóttir,

Jóna Sigríður Guðmundsdóttir,

Harpa Gunnarsdóttir,

Ásta Stefánsdóttir